

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA



Nefndasvið Alþingis,
v/sjavarútvegsnefndar
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/2003
komudagur 25.4.1998

Reykjavík, 22. apríl 1998.

Við höfum móttengið bréf ykkar dags. 20. apríl sl. sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 642. mál.

Stjórn L.Í.Ú. hefur fjallað um efni frumvarpsins og mælir eindregið gegn samþykkt þess.

Fyrir rúmum 3 árum skipaði sjavarútvegsráðherra nefnd til þess að gera tillögur um á hvern hátt stjórnað verði veiði úr fiskistofninum sem veiðast utan lögsögu og úr deilistofnum sem veiðast utan og innan lögsögu. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra stjórnsmálaflokka og hagsmunaaðilar.

Samkomulag tókst í nefndinni um öll meginatriði og voru tillögur hennar samþykktar sem lög frá Alþingi í desember 1996.

Lögin hafa þegar komið til framkvæmda er varðar stjórn á veiðum á karfa á Reykjaneshrygg og á rækju á Flæmingjagrunni.

Ljóst er að 5. gr. umræddra laga á við um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Öllum skilyrðum um veiðar, sem þar eru settar, hefur verið fullnægt eins og varðandi veiðireynslu og um hlutfall þess afla sem til ráðstöfunar er.

Undanfarin ár hafa útgerðarmenn þeirra skipa sem veitt hafa síld úr þessum stofni hagað útgerð sinni með þeim hætti að gera ráð fyrir að tilvísuð lög komi nú til framkvæmda.

Nú bregður hins vegar svo furðulega til að flutt er frumvarp af sjavarútvegsráðherra sem kollvarpar öllu því skipulagi á veiðum sem menn hafa gert ráð fyrir. Er þetta með öllu óásættanlegt.

Stjórn L.Í.Ú. leyfir sér, með tilvísun til ofanritaðs, að óska eftir að umrætt frumvarp nái ekki fram að ganga, enda engar þær forsendur breyst frá því nágildandi

lög voru sett er réttlæti þær grundvallar breytingar á stjórn veiðanna sem lög um fiskveiðar utan lögsögu gera ráð fyrir.

Með samþykkt umrædds frumvarps yrðu veiðarnar gerðar mun óhagkvæmari en ástæða er til og er erfitt að skilja hvað gangi mönnum til að kasta þeim verðmætum á glæ sem felast mun í samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna


Kristján Ragnarsson